

## **M-159/2010. Álit 19. janúar 2011**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. janúar 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-159/2010.

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 7. desember 2010 bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á Panasonic 42" sjónvarpstæki hjá Y ehf., 9. janúar 2008. Segir hann sjónvarpstækið vera gallað og gerir kröfu til þess að seljandi bæti úr gallanum eða láti sér í té nýtt sjónvarpstæki.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi kæruneftndarinnar, dags. 13. desember sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og frestur til að skila þeim til 23. s.m. Engin andsvör bárust.

Með bréfi, dags. 13. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðandi sjónvarpstæki, Panasonic 42" Plasma TV PX70F hjá Y ehf. 9. janúar 2008 fyrir kr. 189.900. Álitsbeiðandi segir að snemma vors 2010 hafi farið að sjást rönd á skjánum með mismunandi lit, en röndin hafi komið og farið. Fljótlega eftir það hafi hann farið til seljanda og lýst biluninni en hann sagt sér verið sagt að tveggja ára ábyrgð væri á tækinu. Í nóvember 2010 hafi verið svo komið að röndin hafi setið föst á skjánum. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið að afla sér upplýsinga um rétt sinn og komist að því að réttur til þess að bera fyrir sig galla á sjónvarpstækinu gæti verið 5 ár og vitnar til álits kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa í málinu nr. M-97/2009. Enn hafi hann farið til seljandi og kvartað og verið vísað á þjónustuverkstæðið Z ehf. og þangað hafi hann farið með tækið. Á vottorði þess fyrirtækis, sem er með ólæsilegri dagsetningu, stendur að „panell“ sjónvarpsins sé ónýtur og kosti 223.185 og er þá væntanlega átt við nýjan „panel.“ Vinna kosti ca kr. 22.0000. Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi í framhaldi af þessu haft samband við seljanda sem hafi ítrekað að ábyrgðin á sjónvarpstækinu væri tvö ár en ekki fimm. Álitsbeiðandi kveðst hafa beðið um skriflegt svar sem seljandi hafi lofað að senda en hafi ekki enn borist.

#### **IV**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr.

7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki notfært sér rétt sinn til þess að andmæla kröfum og rökstuðningi álitsbeiðanda fyrir kærunefndinni. Verður þannig að því er atvik málsins varðar að byggja á þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur lagt fram.

Kærunefndin lítur svo á að í máli þessu sé nægilega í ljós leitt að galli hafi komið fram í sjónvarpstæki því sem álitsbeiðnin nær til, sbr. ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003. Eins og fyrr er rakið keypti álitsbeiðandi tækið 9. janúar 2008 og segist hafa kvartað við seljanda vegna galla í tækinu fljótlega eftir að gallinn kom í ljós sem hafi verið snemma vors 2010. Seljandi hefur borið það fyrir sig við álitsbeiðanda að ábyrgð hans á sjónvarpstækinu sé ekki nema tvö ár og því hafi kvörtun hans komið of seint fram.

Kærunefndin álitur að sjónvarp af því tagi sem hér um ræðir eigi að endast lengur en í rétt rúm tvö ár án þess að á því komi fram galli af því tagi sem álitsbeiðandi lýsir og gerir tækið illa nothæft eða ónothæft, en gallinn virðist aukast að umfangi samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda. Það er því álit kærunefndarinnar eins og hér hagar til að fella verði ábyrgð seljanda undir 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. svokallaða fimm ára reglu, og því hafi kvörtun álitsbeiðanda borist í tæka tíð. Seljandi beri því ábyrgð á gallanum.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu á hendur seljanda að annað hvort geri hann við sjónvarpstækið eða leggi sér til nýtt sjónvarpstæki.

Þegar um er að ræða galla á söluhlut getur neytandi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003 valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda. Þetta gildir þó ekki ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda. Kærunefndin álitur að hvorug undantekningin sé fyrir hendi samkvæmt atvikum þessa máls og því beri seljanda annað hvort að gera við sjónvarpstæki álitsbeiðanda eða leggja honum til nýtt sams konar sjónvarpstæki. Hvort heldur sem seljandi kys að gera þá eiga framangreindar úrbætur að fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir álitsbeiðanda, innan hæfilegs tíma og þannig að álitsbeiðandi fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda, sbr. ákvæði 1. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003.

## V

### Álitsorð

Seljanda, Y ehf., ber annað hvort að gera við sjónvarpstæki sem álitsbeiðandi, X, keypti hjá honum 9. janúar 2008, eða leggja honum til nýtt sams konar sjónvarpstæki.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir